

Hagasmári 9

Fyrirspurn um nýja spennistöð

One: 23021258

Dags. 10.5.2023

Minnisblað – Umfjöllun um fyrirspurn

Oddur Víðisson fh lóðarjafa óskar eftir að koma fyrir spennistöð á lóð Hagasmára 9 til að geta komið rafmagni inn á búnað innan lóðar vegna orkuskipta. Spennistöðin er 3,3x2,3 metrar á breidd. Hæð 2,5 metrar.




Í gildi er deiliskipulag Þjónustumiðstöðvar í Kópavogsdal, Hagasmára 1 (Smáralind), Deiliskipulag Smárinn vestan Reykjanesbrautar, samþykkt 12.10.1993

Breyting á deiliskipulagi: Smárinn vestan Reykjanesbrautar, samþykkt 22.06.2015, breytt 09.11.2015

Ný tillaga dagsett 30.03.23 sem sýnir spennistöð á suðurhluta lóðar.





Þar sem Hagasmári 9 er á fjölförnum stað í miðbæ Kópavogs (M3 í Aðalskipulagi Kópavogs) er gerð krafa um að útlit spennistöðvarinnar verði ekki eins og þessar venjulegu/standard spennistöðvar.

Dæmi:



Tvær fallegar hleðslustöðvar á Hlíðarenda. Önnur með innbyggðum bekkjum.



Spennistöð við Hafnarstræti með bekkjum

Koparklædd



Við Hagasmára 9a er nú þegar stór tækjastöð í eigu Mílu sem var áður símstöð. Spurning hvort hægt sé að koma þeim búnaði sem þarf þar inni til að komast hjá því að staðsetja aðra spennistöð á lóð sem er fullnýtt.



Niðurlag

Skipulagsdeild lítur jákvætt á að framlegð fyrirspurn verði unnin áfram í samvinnu við:

-Skipulagsdeild vegna staðsetningar. Seinni tillaga um staðsetningu spennustöðvar á suðurhluta lóðar var talin ákjósanlegri en sú fyrri sem var staðsett við Fífuhammsveg en hún gæti byrgt sín ökumanna, staðsetning á bílastæði gæti hentað betur. Krafa er gerð um annað útlit á spennistöð (sjá framar í minnisblaði) vegna staðsetningar á fjölförnum stað á miðbæjarsvæði Kópavogs og skoða þarf þann möguleika að gera lóðina/svæðið gönguvænlegra og meira aðlagandi fyrir gesti og gangandi.

- Veitur (leitast verður eftir umsögn frá Veitum).

- Vegagerðin. Seinni tillaga um staðsetningu spennustöðvar á suðurhluta lóðar var talin ákjósanlegri en sú fyrri sem var staðsett við Fífuhammsveg en skoða þarf hvort hún muni byrgja sýn ökumanna sem beygja inn á lóð (umsögn/samvinna með Vegagerð).

- Einnig þarf að skoða hvort hægt sé að nota stórt tækjahús Mílu (gömul símistöð) sem er á aðliggjandi lóð við Hagasmára 9a.

- Ef niðurstaðan verður sú að bæta þurfi við nýrri spennistöð á lóðinni þarf lóðarhafi að sækja um deiliskipulagsbreytingu sem yrði svo grenndarkynnt fyrir aðliggjandi lóðarhöfum.